

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 270, 17. mars 2004, um togveiðar á kolmunna.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 525/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.1000	Blómkál	12.07. – 18.07.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	19.07. – 25.07.04	ótilgr.	0	132
0704.1000	Blómkál	26.07. – 30.09.04	ótilgr.	0	176

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir.